

Endurskoðunarnefnd

Árið 2014, mánudaginn 30. júní, var haldinn 78. fundur endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn að Tjarnargötu 12, 3. hæð, og hófst kl. 16:13. Viðstödd voru: Ólafur B. Kristinsson, Inga Björg Hjaltadóttir og Ingvar Garðarsson. Fundarritari var Hallur Símonarson.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram tillaga að breytingum á samþykkt fyrir endurskoðunarnefnd. Samþykkt að vísa tillöggunni ásamt greinargerð til borgarráðs.
2. Kjöri endurskoðunarnefndar lýst.
Borgarstjórn Reykjavíkur kaus þessa fulltrúa samkvæmt fundargerð borgarstjórnar 16. júní 2014:
Aðalmenn:
Ólafur B Kristinsson, Inga Björg Hjaltadóttir og Ingvar Garðarsson.
Formaður var kjörinn Ólafur B Kristinsson.
Varamenn:
Helga Harðardóttir, Ólafur Viggó Sigurbergsson og Einar S. Hálfánarson.
3. Lagt fram erindi Orkuveitu Reykjavíkur dags. 25. júní sl. um kaup á aukaverkum af ytri endurskoðanda, KPMG.
Samþykkt.

Fundi slitið kl. 17:06

Ólafur B. Kristinsson

Inga Björg Hjaltadóttir

Ingvar Garðarsson